

Um þýðinguna

Verkefnið er á vegum Every Nation Ísland, sjá www.everynation.is

Vefsvæði verkefnisins er 316.is/biblian

Öll aðstoð við rýni, ábendingar og endurgjöf á textanum er vel þegin. Textinn verður aðgengilegur á ebible.org jafnóðum og hann er þýddur. Hver sem er getur skráð sig á póstlistann á vefsvæði verkefnisins til að fá fréttir af verkefninu, eins og hvaða kaflar eru tilbúnir til yfirlestrar, og sent svo inn endurgjöf.

Þýtt var úr *Scriveners Textus Receptus 1894*.

Þóra Ingvarsdóttir leiddi vinnu við þýðingu en Ágúst Valgarð Ólafsson var verkefnisstjóri. Þeir sem sendu inn endurgjöf og rýni fá þakkir. Sérstakar þakkir fær Michael Johnson frá ebible.org fyrir ómetanlega aðstoð.

Þeim sem vilja vita meira um verkefnið, eins og hvaða þýðingarstíll var hafður að leiðarljósi, er bent á að hafa samband á vefsvæði verkefnisins.

Formáli

„Ágúst, þurftir þú ekki að vinna nein heimaverkefni?“ spurði Kolbrún, kærastan mín. Inni í herbergi hafði ég verið að lesa Biblíuna hennar í á aðra klukkustund. Kolbrún var ekki alveg viss um hvað henni fyndist um þetta. Hún hafði vanist því að Biblían væri spari eða við „Brijótið glerið í neyð“ aðstæður. Núna var ég að lesa Biblíuna hennar af áfergju og hún óttaðist að ég myndi beygla blaðsíðurnar.

Nokkrum dögum áður hafði ég gefist Kristi og strax vaknaði löngun til að lesa Biblíuna. Ég hafði reynt að lesa hana áður en það gekk illa. Núna, eftir að hafa eignast lifandi trú á Jesú, vaknaði þorsti eftir orði Guðs og ég fann hvernig lesturinn nærði nýtt líf sem hafði kviknað innra með mér.

Marteinn Lúther sagði: „Ég myndi ekki ráðleggja engum að senda barn sitt þangað sem Heilög ritning er ekki í öndvegi. Sérhver stofnun þar sem karlar og konur fást ekki stöðugt við orð Guðs hlýtur að spillast.“

Marteinn og fleiri siðbótarmenn vissu að ef strákar og stelpur gætu lesið Biblíuna á eigin spýtur myndi heimurinn breytast, og þeir höfðu rétt fyrir sér. Sagan sýnir að fátt hefur haft meiri áhrif heldur en einmitt þessi sannfæring þeirra og hvernig þeir fylgdu því eftir með því að þýða og gera Biblíuna aðgengilega fyrir alla.

Þessi tilraunaútgáfa af Markúsarguðspjalli hefur þann megintilgang að auðvelda ungu fólki á Íslandi að lesa og skilja orð Guðs á sínu móðurmáli. Ef vel tekst til viljum við þýða fleiri bækur og halda þannig áfram eins og Guð gefur okkur náð til.

Við vildum einnig gefa út texta sem leyfir öðrum að afrita og dreifa efninu á hvaða sniði eða miðli sem er í hvaða tilgangi sem er, jafnvel gegn gjaldi. Sjá nánar <https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/deed.is>

Ágúst Valgarð Ólafsson
Selfoss, 2. júní 2026

Hjálpleg aðferð við að lesa Biblíuna á hverjum degi

Öll Biblían er orð Guðs, því að hún er innblásin af Heilögum anda. Hún kennir okkur sannleikann og bendir okkur á það sem rangt er í lífi okkar. Hún leiðréttir okkur og hjálpar okkur að gera það sem rétt er. Hún er verkfæri Guðs til að móta líf okkar og gera okkur hæf til að vinna það sem gott er (2Tím 3:16-17, Lifandi Orð).

Til þess að við upplifum máttinn af orði Guðs er mikilvægt að við ekki aðeins lesum Biblíuna, heldur hugleiðum og notum einnig það sem við lesum. Við getum notað þessi 4 þrep til þess:

Lesu – Skoða – Nota – Biðja

1. Lestu orðið

a. Veldu bók í Biblíunni til þess að byrja að lesa, helst í Nýja testamentinu. Ef þú þekkir Biblíuna lítið er gott að byrja á Markúsarguðspjalli.

b. Ekki lesa textann tilviljunarkennt heldur skipulega til þess að þú skiljir samhengi versanna og fáir góða og jafna næringu. Lestu hluta af textanum á hverjum degi og haltu áfram næsta dag þar sem frá var horfið.

c. Það er gott að lesa mikið í Biblíunni, en það er mun betri langtímaaðferð að gefa sér tíma til þess að hugleiða nokkur vers í senn og nota þau í lífi sínu. Þeir vaxa sem framkvæma orð Guðs.

„Hæg og skipuleg lesning gefur nákvæma leiðsögn.“

2. *Skoðaðu orðið*

- Til hvaða manneskju er það skrifað? Af hverju? Um hvað snýst það?
- Hvað held ég að það merki? Hvernig myndi ég útskýra það með mínum eigin orðum?
- Hvað læri ég um Guð, loforð hans og eiginleika?
- Hvað læri ég um hvernig ég eigi að lifa lífinu? Hvaða boð eða dæmi eru til að fylgja?
- Hvaða sannindi finnast mér standa upp úr og hvernig styrkist trú mín með þessum texta?

3. *Notaðu orðið*

- Hvernig tengist þessi texti lífi mínu núna?
- Hvað kenna þessi sannindi mér, hvaða synd finn ég Guð kalla mig til þess að iðrast fyrir og hvaða skref þarf ég að taka til þess að hlýða sannleikanum í þessum texta?
- Hvað ætla ég að byrja að gera og hverju ætla ég að hætta til þess að nota þennan texta í lífi mínu?

4. *Biddu orðið*

- Talaðu við Guð um það sem þú hefur lesið. Biddu hann um visku til þess að hjálpa þér að skilja og um styrk og hugrekki til þess að lifa sannleikann út með lífi þínu.
 - Notaðu það sem sem þú hefur lesið til þess að biðja fyrir þér, fjölskyldu þinni, kirkjunni, fólki sem þekkir Jesú ekki ennþá og heiminum.
- Til þess að fá sem mest út úr tíma þínum er gott að taka frá svipaðan tíma á hverjum degi. Þar getur þú verið með glósubók og penna til þess að skrifa niður hvað sem er hjálplegt að muna og

hugleiða: lykilvers, hugleiðingar, hugsanir fyrir daginn, hvatningar Heilags anda eða markmið.

Að taka frá tíma til að lesa og hugleiða nokkur vers í einu er best. En hluti af því getur verið að lesa oft yfir daginn, hvar og hvenær sem er. Sem dæmi: í bílnum, í strætó, lesa fyrir vin sinn, á kvöldin, á morgnanna, í hádeginu. Notaðu lausar stundir til að lesa því þannig fyllir þú líf þitt af orði Guðs og það mun hafa áhrif í lífi þínu.

316-biblían **Portions of the Holy Bible in Icelandic, 316-biblían** **translation**

copyright © 2026 Every Nation Iceland

Language: Íslenska (Icelandic)

<https://316.is/316-biblian/>

<https://creativecommons.org/licenses/by-sa/4.0/deed.is>

Þér er frjálst að:

Deila — afrita og dreifa efninu á hvaða sniði eða miðli sem er í hvaða tilgangi sem er, jafnvel gegn gjaldi.

Aðlaga — endurvinna, umbreyta, og byggja á efninu í hvaða tilgangi sem er, jafnvel gegn gjaldi.

Leyfisveitandanum er óheimilt að afturkalla þetta frelsi svo framarlega að þú fylgir skilyrðum leyfisins.

Samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

TilvísunHöfundar — Þú verður að gefa upp viðeigandi tilvísanir, gefa upp tengil á notkunarleyfi, og gefa til kynna ef breytingar hafa verið gerðar. Þú mátt gera þetta á einhvern skynsamlegan hátt, en þó ekki þannig að gefið sé til kynna að leyfisgjafinn styðji við þig eða notkun þína.

DeilaEins — Ef þú endurvinnur, umbreytir, eða byggir á efninu, verðurðu að dreifa breytingunum þínum með sama notkunarleyfi og upprunalega efnið er með.

Engar frekari takmarkanir — Þú mátt ekki setja inn lagaleg ákvæði eða tæknilegar úrlausnir sem gætu hindrað aðra á lagalega vísu við að gera eitthvað það sem notkunarleyfið heimilar.

Athugasemdir:

Þú þarft ekki að uppfylla ákvæði notkunarleyfisins fyrir þá hluta efnisins sem séu í almannaeigu (public domain) eða þar sem notkun þín sé leyfð samkvæmt undanþágum eða takmörkunum.

Engin ábyrgð fylgir. Notkunarleyfið gæti ekki gefið þér allar nauðsynlegar heimildir fyrir þá notkun sem þú hafðir í huga. Til dæmis, önnur réttarákvæði sem varða birtingu, friðhelgi, eða sæmdarrétt gætu takmarkað hvernig þú getur notað efnið.

This translation is made available to you under the terms of the Creative Commons Attribution Share-Alike license 4.0.

You have permission to share and redistribute this Bible translation in any format and to make reasonable revisions and adaptations of this translation, provided that:

You include the above copyright and source information.

If you make any changes to the text, you must indicate that you did so in a way that makes it clear that the original licensor is not necessarily endorsing your changes.

If you redistribute this text, you must distribute your contributions under the same license as the original.

Pictures included with Scriptures and other documents on this site are licensed just for use with those Scriptures and documents. For other uses, please contact the respective copyright owners.

Note that in addition to the rules above, revising and adapting God's Word involves a great responsibility to be true to God's Word. See Revelation 22:18-19.

2026-06-25

PDF generated using Haiola and XeLaTeX on 25 Jun 2026 from source files dated 25 Jun 2026
7f3cda58-ba85-55f0-b12f-9e0dc614173a